



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

FRVG1RÖ05

Framkvæmdir og vinnuvernd

Kennari: Óskar G. Jónsson	Sk.st.	ÓGJ
----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á verkferli, byggingreglugerð og öryggismál. Nemendur læra um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, læra að nota reglugerð um skipulags- og byggingamál, samstarf og samskipti á byggingarstað, áætlanagerð og gæðastýringarkerfi. Kennnd er skyndihjálp, rétt líkamsbeiting, notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna, umgengni við rafmagn og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Að lokum er gerð grein fyrir námsleiðir í bygging- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi. Kennsla fer aðallega fram með fyrirlestrum og verkefnavinnu en í skyndihjálp er jafnframt lögð áhersla á sýnikennslu og verklegar æfingar.

Undanfari:

Þekkingarviðmið:

Þekkingarviðmið áfangans er að nemendur hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hefðbundnu byggingarferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriða laga og reglugerða um skipulags- og byggingamál
- hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis
- hlutverk, starfssvið og ábyrgð byggingarfulltrúa og leyfisveitanda
- hlutverk hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara
- öryggismál á vinnusað
- aðbúnaðar, hollustuhátta og vinnuverndar
- orsökum og afleiðingum algengra vinnuslysa
- skyndihjálp
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags

Leikniviðmið:

Leiniviðmið áfangans er að nemendur hafi öðlast leikni í að:

- Skynja stöðu öryggismála á vinnustað
- Nýta sér viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- Nýta sér hjálpartæki svo sem eins og vinnupalla, stiga og öryggislínu.
- Nýta sér byggingarreglugerðina
- Nýta sér vefsíðu Mannvirkjastofnunar
- Nýta sér vefsíðu Vinnueftirlitsins
- Skipuleggja mismunandi verkþætti
- Skipuleggja verkferla

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við hin fjölbreyttu verkefni er kunna að myndast á vinnustað
- þekkja verkferla við mannvirkjagerð
- koma upp nauðsynlegum öryggisbúnaði á vinnustað
- nýta sér 112
- veita slösuðum eða veikum einstaklingi fyrstu hjálp á vettvangi
- þekkja og kunna að nota byggingareglugerðina
- þekkja og kunna að nota möguleika Vinnueftirlitsins
- skipuleggja mismunandi verkþætti á vinnustað
- þekkja hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta
- átta sig á hinum margvíslegu leiðum til iðnnáms

Námsefni:

Haustið 2017 verður stuðst við göng frá Mannvirkjastofnun og Vinnueftirliti, eins og byggingareglugerð, kynningarefni og fleira sem nemendur geta sótt gegnum netið. Síðar verður gerð grein fyrir námsefni er nemendur þurfa að fjárfesa í varðandi skyndihjálparnámskeið.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Byggingareglugerð	Fimm stutt verkefni sem nemendur þurfa að leysa í kennslutíma, verkefni tengd byggingareglugerðinni	30 %
Öryggismál	Tvö verkefni tengd vinnueftirliti, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað.	20 %
Skyndihjálp	Skyndihjálparnámskeið	10 %
Þátttaka í tímum	Námsmat byggt á þátttöku nemenda í tímum	20 %
Yfirlit	Próf unnið út frá verkefnum annarinnar	20 %

--	--	--

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar og geta einstaka þættir færst til.

Vika	Kennsluefni	Könnun – verkefni
18-25 ágúst	Kynning á verkefni vetrarins, kynning á okkur, kennara og nemendum. Lagt af stað	
28 – 01 sept.	Farið aðeins yfir húsbyggingar og mannvirki á Íslandi, hvað þarf til að byggja hús, hverjir koma að byggingu mannvirkja, helstu lög og reglugerðir, stjórnvöld skipulags- og byggingarmála. Lagt af stað með byggingareglugerðina.	
04 – 08 sept	Byggingreglugerðin kafli 1 – 2 - 3	
11 – 15 sept	Byggingreglugerðin kafli 3 – 4 - 5	
18 – 22 sept	Byggingreglugerðin kafli 6	
25 – 29 sept.	Byggingareglugerðin kafli 7 – 8-9-10-11-12 upprifjun	
02 – 06 okt.	Byggingareglugerð 13-14-15-16-17 upprifjun	
09 – 13 okt.	Flett yfir skipulagsreglugerð – hugsanlega verður þessi hluti tekinn fyrr og flyst þá verkefnalistinn til sem þessum hluta nemur	
16 til 20 okt.	Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað	

23 – 27 okt.	Vinnueftirlitið – hlutverk- farið yfir slysatölur – teknir fyrir einstakir öryggisþættir	
30 – 03 nóv.	Farið yfir byggingu verkpalla – vinnupalla- áfram fjallað um öryggismál	
06 til 10 nóv.	Skyndihjálp – grunnnámskeið verður væntanlega tekið í nóvember og getur tekið hluta úr þrem vikum	
13 til 17 nóv.	Farið yfir ráðningasamninga starfsfólks, lög um ráðningu starfsfólks og slysatryggingar. Farið yfir launaútreikninga og launatengd gjöld	
20 til 24 nóv.	Farið yfir grunnatriði gæðastjórnunar, verkskipulag. Farið yfir nokkrar námsleiðir sem nemendur geta farið í að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina á framhalds- og háskólastigi.	
27 til 01 des	Upprifjun – lok áfangans	
04 til 07 des.	Upprifjun- lok áfangans.	